



Alþingi  
nefndasvið

SÍBS | Icelandic Patients Association

Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Iceland  
+354 560 4800 | sibs@sibs.is

MEÐ TÖLVUPÓSTI

## Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir (rafsígarettur), 202. mál

Heilsuhegðun er mikilvægur hluti af heilsuefningu og nær út fyrir aðeins að vernda fólk gegn hættulegum efnum í neysluvörum eða í umhverfinu. Til að draga ekki úr forvarnamætti heilsuhegðunar hefði verið heppilegast að fella reglur um rafrettur undir lög um tóbaksvarnir nr. 6 frá 31. janúar 2002.

Fari þó svo að sett verði sérlög um rafrettur, bendir SÍBS á afar óheppilegt misræmi milli takmarkana á heimildum til reykinga rafrettna og tóbaks, milli 9., – 13. gr. laga um tóbaksvarnir og framlagðs frumvarps um rafrettur. Þetta misræmi vinnur mjög gegn markmiðum um heilsuhegðun í forvarnaskyni.

Meðal staða þar sem reykingar tóbaks eru óheimilar en reykingar rafrettna yrðu heimilar eru:

- Á veitinga- og skemmtistöðum.
- Þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þ.m.t. íþrótt- og tómstundastarf, annarra en barna og ungmenna.
- Í öllu húsrými í sameign fjöleignarhúsa.
- Á opinberum samkomum innan húss sem einkum eru ætlaðar börnum eða unglíngum, nema ef húsnæðið er aðeins ætlað félags-, íþrótt- og tómstundastarfs barna og ungmenna.
- Í öðru húsnæði sem almenningur hefur aðgang að, og forráðamenn geta nú takmarkað tóbaksreykingar en ekki notkun rafrettna skv. frumvarpinu.
- Innan dyra á vinnustað.
- Í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.

Að heimila reykingar rafrettna svo víða um samfélagið þar sem tóbaksreykingar eru óheimilar leggur í senn stein í götu bættrar heilsuhegðunar og getur í sjálfu sér aukið notkun rafrettna umfram jákvæð not þar sem fólk skiptir úr tóbaki yfir í rafrettur.

Því er skorað á Alþingi að fella reglur um reykingar rafsígarettna undir lög um tóbaksvarnir, en til vara að tryggja að heimildir til reykinga á rafsígarettum og tóbaki verði svo líkar sem kostur er.

Reykjavík, 13. mars 2018

Guðmundur Löve,  
framkvæmdastjóri SÍBS